



iPad-námskeið fyrir foreldra

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Boðið verður upp á ókeypis spjaldtölvunámskeið fyrir foreldra í grunnskólum Kópavogs í marsmánuði. Námskeiðin eru ætluð foreldrum þeirra nemenda sem hafa fengið afhentar spjaldtölvur og er gert ráð fyrir að foreldri komi með tæki barnsins á námskeiðið.

Sætaframboð er takmarkað, aðeins tuttugu pláss eru í boði í hverjum skóla.

Námskeiðið í Kópavogsskóla verður kl. 18:30 - 20:30 þann 1. mars. Boðið verður upp á súpu í upphafi námskeiðs.

Hægt er að skrá sig á námskeiðið með að smella á hlekkinn hér fyrir neðan.

Skrá þarf nafn foreldris og skóla barns, sem og netfang og símanúmer foreldris ef ske kynni að hafa þurfi samband.

Athugið að fylla þarf í reiti um greiðanda þótt námskeiðin séu foreldrum að kostnaðarlausu. Greiðandi er Kópavogsbær, Fannborg 2, 200 Kópavogi, kt. 700169-3759.

[Skráning á námskeiðið er gerð með að smella hér.](#)

Ef fullbókað er á námskeið í ykkar skóla er hægt að senda póst á spjaldtolvur@kopavogur.is til að komast á biðlista. Mögulega verður þá hægt að bjóða pláss á námskeiði í öðrum skóla.